



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 22. ágúst 2023
2308849/600.00 SSF

Efni: Umsögn um breytingar á samþykktum fyrir Markaðsstofu Kópavogs.

Með erindi dags. 12. júlí 2023 óskaði framkvæmdastjóri Markaðsstofu Kópavogs eftir því við bæjarráð að breytingar á samþykktum stofnunarinnar yrðu samþykktar af Kópavogsbæ, sem stofnaðila.

Í 12. gr. núverandi samþykpta Markaðsstofu Kópavogs er mælt fyrir um heimild til að breyta samþykktum með samþykki allra stjórnarmanna á tveimur fundum svo og samþykki 2/3 hluta stofnaðila en Kópavogsbær var einn stofnandi stofnunarinnar og verður samþykktum því aðeins breytt með samþykki stjórnar stofnunarinnar og samþykki Kópavogsbæjar.

Samkvæmt erindi framkvæmdastjórans voru breytingarnar samþykktar á 106. og 109. stjórnarfundi stofnunarinnar. Undirritaður hefur vakið athygli formanns á því að ekki hafi allir stjórnarmenn verið mættir á 106. fundinn og breytingarnar því ekki samþykktar á tveimur fundum af öllum stjórnarmönnum fyrr en úr því mun hafa verið bætt á 110. stjórnarfundi þann 16. ágúst sl.

Með breyttum samþykktum hefur fyrst og fremst verið gerð breyting á nafni og tilgangi stofnunarinnar en einnig á tekjum, skipun stjórnar og stjórnarfundum.

Nafn og tilgangur.

Nafni stofnunarinnar er breytt í SKÓP atvinnu- og nýsköpunarsetur. Tilgangur stofnunarinnar er ekki lengur tilgreind sem efling atvinnuþróunar og samstarfs atvinnulífs og sveitarfélagsins heldur er nýr tilgangur sagður rekstur á atvinnu- og nýsköpunarsetri og efling samstarfs frumkvöðla og fyrirtækja við atvinnulífið. Sjá nánar 1. og 3. gr.

Tekjur.

Við tekjustofna stofnunarinnar bætast tveir liðir, þ.e. annars vegar tekjur af þjónustu sem stofnunin veitir og má gera ráð fyrir, í ljósi tilgangs, að þar undir falli leigutekjur þó það sé ekki nefnt. Og hins vegar bætast félagsgjöld við sem tekjuliður en tekjur af auglýsingum eru felldar úr samþykktunum og ekki er heldur gert ráð fyrir vaxtatekjum í ákvæðinu eins og í núgildandi samþykktum. Sjá nánar 6. gr.

Skipun stjórnar.

Stjórnarmönnum fækkar um tvo, úr sjö í fimm. Kópavogsbær tilnefnir þrjá í stað fjögurra og tveir í stað þriggja eru kosnir á ársfundi. Það vekur athygli að eingöngu er gert ráð fyrir að fyrirtæki greiði árgjald og þau skuli hafa kjörgengi og kosningarétt til stjórnarkjörs. Í núverandi samþykktum er orðalagið ekki einskorðað við fyrirtæki en þar er notað orðalagið: „þeir sem greitt hafa árgjald ...“ en því er nú breytt í: „þau fyrirtæki sem greitt hafa árgjald ...“.



Það er skiljanlegt að verið sé að fækka stjórnarmönnum enda virðist umfang starfseminnar ekki þess eðlis að þörf sé á sjö manna stjórn heldur ætti stjórn frekar að vera þriggja manna eða í mesta lagi fimm manna eins og lagt er til í breytingum. Ekki er skýrt hvað býr að baki því að nefna fyrirtæki sérstaklega í aðild og kjörgengi en mögulega er breytingin í takt við reynslu síðustu ára þó orðalagið útiloki í raun einstaklinga í atvinnurekstri á eigin kennitölu og einstaklinga í nýsköpun, frá félagsaðild og þar með kjörgengi í stjórn. Sjá nánar 1. og 2. mgr. 7. gr.

Stjórnarfundir.

Sú breyting er gerð á fundargerðum stjórnar að ekki er lengur þörf á því að senda þær til Kópavogsbæjar innan viku frá því að fundur var haldinn. Sendingunni eru ekki sett tímamörk í breyttum samþykktum. Sjá nánar 8. mgr. 7. gr. Þá er bætt við einum degi í fyrirvara boðaðra stjórnarfunda sem skulu skv. breytingum nú boðaðir með þriggja daga fyrirvara í stað tveggja. Auk þess hefur verið tekið út ákvæði um að framkvæmdastjóri eigi rétt á að boða stjórnarfundir og nýtur framkvæmdastjóri ekki þess réttar í breyttum samþykktum. Sjá nánar 8. gr. Það liggur ekki fyrir hver ástæða þessara breytinga er.

Aðrar breytingar.

Hér má nefna að orðalagi er breytt á þann veg að stjórn sé *heimilt* að ráða framkvæmdastjóra í stað orðalags sem gaf til kynna að stjórn væri *skyld* að ráða framkvæmdastjóra. Sjá nánar 9. gr. Þá hefur verið bætt við fyrirvara í lok 12. gr. um skuldbindingar stofnunarinnar. Í núverandi samþykktum kemur fram að óheimilt sé að skuldbinda stofnunina umfram $\frac{3}{4}$ eigin fjár hennar á hverjum tíma en við þá setningu er í breytingum bætt við orðunum: „...*nema með samþykki allra stjórnarmanna.*“ Í þessu felst heimild, sem ekki var í samþykktum, til þess að skuldbinda stofnunina umfram það sem nemur $\frac{3}{4}$ eign fjár. Sjá nánar 12. gr.

Niðurstaða.

Þær breytingar sem gerðar eru á samþykktunum og hér hefur verið lýst, hafa ekki veruleg áhrif á hagsmuni Kópavogsbæjar og eru þær flestar smávægilegar. Undirritaður sér ekkert því til fyrirstöðu að breytingarnar verði samþykktar.

Virðingarfyllt,
f.h. bæjarlögmanns


Steinn Sigríðar Finnboðason
Lögfræðingur

ssf